

Fréttapistill frá forseta Íslands

20. júlí 2020

Nýliðinni viku vörðum við fjölskyldan í sumarfríi innanlands. Við fórum víða norðanlands og austan eins og sjá má af nokkrum myndum að neðan. Við komum meðal annars við á Akureyri og Vopnafirði, baðstaðnum Vök við Egilsstaði, Bustarfelli, þeim indæla torfbæ í Hofsárdal, Seyðisfirði og víðar. Þá fórum við í bjórböðin á Árskógssandi og jarðböðin við Mývatn, heimsóttum Óbyggðasetrið glæsilega og Skriðuklaustur í Fljótsdal og sáu fjölmarga aðra magnaða staði. Fyrir hönd okkar Elizú og barnanna þakka ég kærlega fyrir þá gestrisni og góðvild sem við nutum hvarvetna.

Um síðustu helgi var Andrzej Duda endurkjörinn forseti Póllands og sendi ég honum heillaóskir. Í vikunni birtist einnig viðtal við okkur Elizú í þýska blaðinu Der Tagesspiegel og má lesa það hér:

<https://www.tagesspiegel.de/.../islands.../26016864.html...>